



SSV  
Samtök sveitarfélaga  
á Vesturlandi

## 143 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 6. febrúar 2019 kl.10:00 að Bjarnabraut 8 í Borgarnesi.

Mætt voru: Eggert Kjartansson, Bára Daðadóttir, Einar Brandsson, Björgvin Helgason, Árni Hjörleifsson, Lilja B. Ágústsdóttir, Eyjólfur I. Bjarnason, Jakob Jakobsson, Jósef Kjartansson og Davíð Sigurðsson sem mætti í forföllum Guðveigar Eyglóardóttur.

Þau Björn Hilmarsson og Sif Matthíasdóttir boðuðu forföll og varamenn þeirra höfðu ekki tæk á að mæta.

Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV sat fundinn og ritaði fundargerð. Undir dagskrárlið 12 sátu fundinn þau Skarphéðinn Berg Steinarsson og Guðný Hrafnkelsdóttir frá Ferðamálastofu, Sædis Sigurmundsdóttir og Ægir Þór frá Vesturlandsstofu og Margrét Björk Björnsdóttir verkefnisstjóri Áfangastaðaáætlunar Vesturlands.

Eggert Kjartansson, formaður SSV, setti fund kl.10:00

### 1. Framlögð fundargerð frá 142 fundi stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 142 fundi stjórnar SSV til samþykktar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

### 2. Almenningsamgöngur

Framlagður viðauki við samning við Strætó b.s. um þjónustu vegna almenningsamgangna árið 2019, sem og viðauki við samning við Hópþíla um akstur á leið 57. Stjórn staðfesti samningana. Jafnframt var lagt fram yfirlit yfir reksturinn árið 2018. Þar kom fram að tap varð á rekstri almenningsamgangna upp á 14,1 m.kr. á árinu 2018. Þess er vænst að landshlutasamtökin fá fjárveitingu frá Vegagerðinni til þess að mæta tapinu.

### 3. Ný Sóknaráætlun Vesturlands

Rætt um vinnu við nýja Sóknaráætlun Vesturlands, en núverandi áætlun rennur út í árslok 2019. Stjórn ræddi mögulegar breytingar á sóknaráætlun sem m.a. gætu falist í fleiri verkefnum. Þá var rætt um vinnu við gerð nýrrar áætlunar og mögulega aðkomu ráðgjafa að þeirri vinnu. Framkvæmdastjóra var heimilað að hefja viðræður við ráðgjafa um vinnu við gerð nýrrar Sóknaráætlunar Vesturlands.

### 4. Framtíð atvinnulífs á Vesturlandi

Framkvæmdastjóri kynnti tilboð frá KPMG um vinnu við sviðsmyndagreiningu á framtíð atvinnulífs á Vesturlandi. Framkvæmdastjóra var falið að taka saman minnisblað um verkefnið, fjármögnun þess og vinnulag.

## 5. Samgöngumál

Rætt um stöðu samgöngumála á Vesturlandi, veggjöld, Sundabraut og framkvæmdir á Kjalarnesi. Formaður og framkvæmdastjóri sögðu frá fundi sem fulltrúar SSV áttu með umhverfis- og samgöngunefnd alþingis nýverið, en á fundinum var fyrst og fremst rætt um veggjöld. SSV hefur óskað eftir fundi með Reykjavíkurborg um Sundabraut og hefur borgin boðað til fundar 12. febrúar n.k. Loks var rætt um fyrirhugaðar framkvæmdir við Vesturlandsveg á Kjalarnesi. Stjórn bókaði eftirfarandi:

*Í samgönguáætlun Vesturlands sem samþykkt var af sveitarfélögunum árið 2017 kom fram að þung áhersla var lögð á tvöföldun Vesturlandsvegur á Kjalarnesi. Sveitarfélögin á Vesturlandi hafa fylgt þessu eftir með íbúafundum, ályktunum, samtölum við forsvarsmenn samgöngumála og gerð sjónvarpsefnis. Íbúar stofnuðu með sér samtök til þess að leggja áherslu mikilvægi vegabóta á Kjalarnesi og þúsundir íbúa skrifuðu undir áskorun um vegabætur og mikilvægi þess að strax yrði farið í framkvæmdir.*

*Stjórn SSV ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdir við Vesturlandsveg á Kjalarnesi hefjist sem fyrst og þeim ljúki eigi síðar en árið 2022. Það er öllum ljóst að tvöföldun Vesturlandsvegur á Kjalarnesi skiptir miklu máli varðandi öryggi, búsetu og frekari uppbyggingu á Vesturlandi. Vegurinn er tenging Vestlendinga við höfuðborgarsvæðið og fjöldi íbúa sækir vinnu eða nám þangað og þarf því daglega að fara um veginn. Fjöldgun ferðamanna hefur verið mikil undanfarin ár og má reikna með því að tæplega milljón ferðamenn heimsæki Vesturland í ár.*

*Tvöföldun Vesturlandsvegur á Kjalarnesi þolir því enga bið.*

## 6. Vesturlandsstofa

Lagt fram minnisblað frá forstöðukonu Vesturlandsstofu um mögulegar breytingar á skipulagi hennar. Stjórn ræddi minnisblaðið og fól framkvæmdastjóra að senda erindi til byggðarráðs Borgarbyggðar um mögulegar breytingar á skipulagi Vesturlandsstofu. Þá upplýsti framkvæmdastjóri að Rósa Gréta Ívarsdóttir forstöðukona Vesturlandsstofu hefði sagt upp starfi sínu. Stjórn SSV samþykkti að fela stjórn Vesturlandsstofu að hafa umsjón með ráðningu nýs forstöðumanns.

## 7. Byggðaáætlun

Byggðastofnun hefur auglýst eftir umsóknum um styrki til uppbyggingar á svæðum þar sem atvinnulíf er einhæft og íbúapróun hefur verið neikvæð. Á árinu 2018 hlaut Vesturland 30 m.kr.í styrki úr þessu verkefni. Hafin er undirbúningur að nýjum umsóknum, en frestur til að sækja um rennur út 17. febrúar n.k. Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að afla upplýsinga um möguleika á því að sækja um styrki fyrir ákveðið svæði innan víðfeðms sveitarfélags.

## 8. Uppbyggingarsjóður Vesturlands

Lagt fram til kynningar yfirlit yfir umsóknir í Uppbyggingarsjóð Vesturlands, en alls bárust 130 umsóknir um menningarstyrki, stofn- og rekstrarstyrki menningarmála og styrki til atvinnu-

og nýsköpunar. Auk þess var fundargerð frá fundi úthlutunarnefndar og fagráðs lögð fram til kynningar

### **9. Fræðsluferð**

Lögð fram tillaga að dagskrá og kostnaðaráætlun fyrir fræðsluferð sveitarstjórnarmanna af Vesturlandi til Danmerkur dagana 23. til 26. apríl n.k. Stjórn samþykkti að kalla eftir upplýsingum um þátttöku frá sveitarfélögunum.

### **10. Fundargerð frá fundi bæjar- og sveitarstjóra á Vesturlandi**

Lögð fram fundargerð frá fundi bæjar- og sveitarstjóra sem fór fram 28. janúar s.l. Framkvæmdastjóri kynnti einstaka dagskrárliði fundargerðarinnar. Undir umræðu um fundargerðina samþykkti stjórn eftirfarandi bókun.

*Stjórn SSV skorar á Samband íslenskra sveitarfélaga að beita sér fyrir því að sveitarfélögin fái betra aðgengi að ýmis konar upplýsingum hjá opinberum aðilum s.s. Ríkisskattstjóra, Þjóðskrá og Hagstofunni þannig að auðveldara sé að átta sig á þróun tekna og þróun ákveðinna lykilþátta í atvinnulífi og umhverfi sveitarfélaga.*

### **11. Málefni dvalar- og hjúkrunarheimila á Vesturlandi**

Rætt um biðlista eftir hjúkrunarrýmum og fjölgun þeirra við dvalar- og hjúkrunarheimili á Vesturlandi. Sérstaklega var rætt um höfnun Heilbrigðisráðuneytisins á erindum Brákarhlíðar í Borgarnesi og Höfða á Akranesi um fjölgun rýma. Stjórn SSV bókaði eftirfarandi:

*Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi skorar á Heilbrigðisráðuneytið að endurskoða afstöðu sína til erinda hjúkrunar- og dvalarheimilanna Brákarhlíðar í Borgarnesi og Höfða á Akranesi um fjölgun hjúkrunarrýma. Þörfin fyrir fjölgun rýma er afar brýn, en hátt í þrjátíu aðilar eru á biðlista eftir því að komast inn á þessi heimili. Þá liggur ljóst fyrir að með afar litlum tilkostnaði er hægt að fjölga rýmum á þessum heimilum.*

*Að mati heilbrigðisráðuneytisins er staðan varðandi fjölda hjúkrunarrýma þokkaleg í umdæmi Heilbrigðisstofnunar Vesturlands. Hins vegar er umdæmið afar stórt og nær yfir 15 sveitarfélög á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi. Því má heildarstaðan í umdæminu aldrei verða til þess að útiloka fjölgun rýma þar sem þörfin er brýn. Þörfin fyrir dvalar- og hjúkrunarrými í sveitarfélögum getur verið mjög misjöfn þar sem þættir eins og íbúapróun, aðstaða á dvalar- og hjúkrunarheimilum og vegalengd á milli þéttabýlis og jaðarbyggða geta haft áhrif á þörfina fyrir fleiri rými.*

### **12. Áfangastaðaáætlun Vesturlands**

Á fundinn mættu fulltrúar frá Ferðamálastofu, stjórn Vesturlandsstofu og verkefnisstjóri Áfangastaðaáætlunar Vesturlands til umræðna um þróun áfangastaðaáætlana. Margrét Björk verkefnisstjóri afhenti ferðamálastjóra eintak af áætluninni. Síðan hélt ferðamálastjóri erindi um þróun áfangastaðaáætlana, þar sem hann kynnti þá afstöðu Ferðamálastofu og Stjórnstöðvar ferðamála að markaðsstofum landshluta yrði breytt í áfangastaðastofur þar sem eitt aðalverkefnið yrði að fylgja eftir þeirri stefnumótun sem sett er fram í áfangastaðaáætlun landshlutans.

### **13. Framlögð mál**

- a. Yfirlit yfir fundi framkvæmdastjóra SSV

Fundi slitið kl. 13:45